

# Breyting á grunnvatnstöku Landsvirkjunar á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 26. september 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna, um aukna vatnsöflun umfram það magn sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar árið 2010.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurlands Eystra, Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breyting á grunnvatnstöku Landsvirkjunar á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Fyrirspurn um matsskyldu – Mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun – Verkís verkfræðistofa. September 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Norðurlands Eystra dags. 12. október 2023,
- Þingeyjarsveit dags. 27. október 2023,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra dags. 27. október 2023,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 31. október 2023,
- Orkustofnun dags. 11. desember 2023,
- Umhverfisstofnun dags. 20. desember 2023.

Ekki barst umsögn frá Veðurstofu Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 7. desember 2023 og 12. janúar 2024.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

#### Forsaga

Þeistareykjastöð á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit er jarðvarmavirkjun með 90 MWe uppsett afl. Stöðin var gangsett í nóvember 2017 með 45 MWe vélasamstæðu og hálfu ári síðar var önnur 45 MWe vélasamstæða sett í gang. Grunnvatnsvinnsla virkjunarinnar hefur sveiflast talsvert milli ára og hámarksvinnsla yfir rekstrartíma stöðvarinnar hefur verið um 140 l/s og hæsta ársmeðaltal 130 l/s. Mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 200 MWe jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum liggur fyrir, sbr. álit Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember 2010 en í því mati var gert er ráð fyrir vinnslu grunnvatns sem næmi 100 l/s.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Landsvirkjun telur, í ljósi reynslunnar af rekstri Þeistareykjastöðvar og vinnu við undirbúning fyrir stækkun hennar í 200 MWe, að þörf sé á aukinni vatnsöflun umfram það sem umhverfismat



framkvæmdarinnar gerði ráð fyrir eða allt að 300 l/s. Í því skyni er fyrirhugað að fjölga vatnstökuholum, sem eru um 100 m djúpar, úr tveimur í sex og verður núverandi vatnstökusvæði, sem er í um 3,5 km fjarlægð frá stöðvarhúsi virkjunarinnar, stækkað í um 1 ha. Þá er gert ráð fyrir að fjölga svelgholum um 3 miðað við núverandi aðstæður, en um er að ræða 100 m djúpar holur sem verða staðsettar við stöðvarhúsið. Vatninu verður þannig veitt aftur niður í þessar holur eftir notkun, þ.e. beint niður í grunnvatnskerfið. Reiknað er með að efni í borplön, sem útbúa þarf á vatnstökusvæðinu, komi úr námum sem þegar eru starfræktar á svæðinu. Óveruleg vegagerð er í tengslum framkvæmdina og núverandi lagnir frá svæðinu að stöðvarhúsi bera aukið vatnsrennsli og verða því óbreyttar. Áformað er að bora nýja vöktunarholu austan við Höskuldsvatn á grunnvatnsskilum þannig að hægt verði að vakta breytingar við grunnvatnsskil.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á grunnvatn og verndarsvæði

Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að Vatnaskil hafi unnið greiningu á áhrifum breytingar á vinnslu grunnvatns á Þeistareykjum sem fyrirhuguð stækkun krefst og hafi útbúið líkan sem sé samþætt og byggist bæði á yfirborðslíkani og grunnvatnslíkani. Við vinnsluna er sama vatnsmagni veitt aftur niður í grunnvatnið (sama viðtaka) í grunnar svelgholur sunnar á Þeistareykjasvæðinu, og í raun er því um að ræða tilfærslu á vatni frá einum stað yfir á annan. Við þennan flutning mun engin efnamengun eiga sér stað, þ.e. engin breyting verður á efnasamsetningu en takmörkuð hitabreyting verður á vatninu en það er innan óvissumarka reiknilíkansins. Einnig verða takmarkaðar vatnsborðsbreytingar á grunnvatni og gefur greining Vatnaskila til kynna að við aukna nýtingu á grunnvatni úr 100 l/s í 300 l/s samhliða stækkun Þeistareykjastöðvar sé hægt að skapa jafnvægi þar sem grunnvatn verður ekki fyrir teljandi áhrifum. Samkvæmt líkaninu eru áhrif af aukinni vinnslu grunnvatns á grunnvatnsborð óveruleg í heildina að teknu tilliti til niðurrennsli frá Þeistareykjastöð.

Fram kemur að Landsvirkjun hafi lagt mat á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand og magnstöðu þeirra vatnshlota sem framkvæmdin hafi mögulega áhrif á. Niðurstaða Landsvirkjunar, byggð á greiningu Vatnaskila, sé að áhrif af grunnvatnstöku upp á allt að 300 l/s hafi óveruleg áhrif í för með sér á viðkomandi vatnshlot og muni hvorki hafa áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand vatnshlotsins né magnstöðu þess. Mikilvægt sé að vakta áfram vatnasvæðið vel, bæta við vöktunarholu og stilla niðurrennsli frá Þeistareykjastöð af til að skapa jafnvægi í grunnvatnskerfinu.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að áhrif starfseminnar á magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatns sé vandlega metið í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Ef vöktun grunnvatns fer fram eins og gert er ráð fyrir í skýrslunni telur Umhverfisstofnun það nægilega ráðstöfun til að tryggja að markmið um góða magnstöðu umrædds vatnshlots (Aðaldalshraun-Trölladyngja nr. 102-278-2-G) verði náð til langs tíma. Í umsögn Umhverfisstofnunar er jafnframt bent á að vatnsverndarsvæðið við Lónin í Kelduhverfi sé innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar vatnstöku og þurfi því að taka tillit til óbeinna áhrifa breyttra grunnvatnseiginleika á það. Þar sem um sé að ræða möguleg áhrif á vatnsverndarsvæði fyrir neysluvatnstöku þarf að gæta sérstaklega að því að aukin grunnvatnsnotkun hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði vatnsverndarsvæðisins. Samkvæmt reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun mega breytingar á eiginleikum grunnvatns hvorki hafa í för með sér innstreymi salts vatns né aukna hreinsipörf neysluvatns. Fram komi í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð vatnstaka og niðurrennsli geta hækkað meðalhitastig innan vatnsverndarsvæðisins og lónsins um allt að 1,5°C. Ef ofan nefnd breyting á meðalhitastigi getur haft áhrif á eðlisþyngdarmun grunnvatns og jarðsjávar innan



vatnsverndarsvæðisins og leitt til innstreymis salts sé æskilegt að það komi fram í mati á áhrifum aukinnar vatnstöku.

Í svari Landsvirkjunar kemur fram að vöktun vatnsbólanna í Kelduhverfi hafi staðið yfir í lengri tíma, bæði í aðdraganda þess að Þeistareykjavirkjun var reist og eftir að virkjunin tók til starfa. Mælingar á hitastigi og öðrum breytum hafa ekki bent til áhrifa af starfsemi Þeistareykjavirkjunar í vatnsbólum í Kelduhverfi. Niðurstöður mælinga sýna að töluverður breytileiki er á hitastigi grunnvatns á svæðinu. Þannig er hitastig vatnsbóls og lindar í Fjöllum í kringum 3°C, sýrustig vatnsins er hærra en annars staðar í Kelduhverfi auk þess sem styrkur uppleystra efna er almennt lægri sem bendir til þess að grunnvatn sé í meira mæli að streyma þar undan fjöllum en að sunnan frá Þeistareykjum. Vatnsbólin í Lóni og Krossdal sýna nokkuð svipaðar niðurstöður enda bæði á jaðri hraunanna sem svo margar lindir í Kelduhverfi koma fram í. Lindirnar í Rifós eru hinsvegar að öðru meiði með hærra hitastig og leiðni en annars staðar. Það verður að teljast ólíklegt að aukið innstreymi jarðsjávar geti átt sér stað í Rifósi vegna eðlisþyngdarmunar vegna mögulegrar hitaaukningar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig jarðsjór nær inn undir landið í Kelduhverfi en líklegt sé að breyting á meðalhitastig grunnvatns upp á nokkrar gráður mun hafa hverfandi áhrif á jafnvægi milli fersk grunnvatns og undirliggjandi jarðsjávar, og þar með mjög ólíklegt að það myndi hafa áhrif á vatnsbólin í Rifósi sem og öðrum lindasvæðum næst sjó í Kelduhverfi.

Umhverfisstofnun telur, í ljósi viðbótarupplýsinga þar sem fram komi að það teljist ólíklegt að aukið innstreymi jarðsjávar í vatnshlotin í Rifósi geti orðið við þá hitastigsbreytingu sem verði á grunnvatninu, að ekki sé ástæða til þess að skoða málið frekar og treystir því mati sem fram komi í svörum framkvæmdaraðila.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að mikilvægt sé að vakta áhrif vatnstöku og niðurdælingar innan virkjanasvæðis Þeistareykja. Sérstaklega þurfi að sýna varúð þar sem líkanareikningar sýna að áhrifin koma til með að ná inn á vatnsverndarsvæði Kelduhverfis og Húsavíkur. Náttúrufræðistofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á hraun sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga þar sem framkvæmdir séu á nú þegar röskuðu svæði, hins vegar gætu borholur raskað óþekktum hraunhellum undir framkvæmdasvæðinu. Náttúrufræðistofnun telur að meta þurfi áhrif vatnstöku og niðurdælingu á jarðhitasvæðinu við Bæjarfell sem er á náttúruminjaskrá. Samkvæmt líkanareikningi Vatnaskila mun grunnvatnstaka miðað við 300 l/s og niðurdæling hafa áhrif á meðalgrunnvatnsborð og að grunnvatnsborðsbreytingar geti verið allt að 2-2,5 m við Bæjarfell. Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á jarðhitamyndanir á yfirborði svæðisins t.d. leirhveru. Telur stofnunin ekki þörf á mati vegna umhverfisáhrifa aukinnar grunnvatnstöku, en skoða þurfi betur áhrif þess á náttúruminjasvæðið við Bæjarfell.

Í umsögn Þingeyjarsveitar kemur fram að sveitastjórn telji mikilvægt að gengið verði úr skugga um að áhrif á leirhveru verði ekki neikvæð vegna aukningar á grunnvatnstöku og niðurrennsli. Í ljósi þess að niðurstöður fyrri rannsókna hafa ekki verið í samræmi við raunmælingar og að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á víðfeðmt svæði telur sveitastjórn að stíga þurfi varlega til jarðar. Sveitastjórn telur fyrirhugaða grunnvatnsvinnslu háða mati á umhverfisáhrifum.

Í svari Landsvirkjunar kemur fram að fyrirtækið hafi óskað eftir áliti Vatnaskila vegna áhyggna Þingeyjarsveitar af áhrifum aukningar á grunnvatnstöku á yfirborðsvirkni jarðhita á svæðinu og sérlega áhrif á leirhveru. Niðurstaða Vatnaskila er að aukinn grunnvatnstaka og niðurdæling vegna stækkunar Þeistareykjastöðvar muni ekki hafa áhrif á hitastig í námunda við hverasvæði í nágrenni Bæjarfjalls. Niðurstöðurnar sýna hins vegar mögulega hækkun grunnvatnsstöðu á svæðinu en mjög ólíklegt er að hækkun grunnvatnsborðs hafi áhrif á hverasvæði á yfirborði. Niðurstöður vöktunar og rannsókna á yfirborðsvirkni á svæðinu frá 1983 til 1991 og frá 2012 til dagsins í dag sýna talsverðan breytileika í yfirborðsvirkni á svæðinu. Yfirborðsvirknin tekur náttúrulegum breytingum og er einkum háð náttúrulegum útfellingum sem geta lokað fyrir streymi vökva til yfirborðs,



árstíðarsveiflum í veðurfari sem og breytileika í veðurfari milli ára, skjálftavirkni sem og eldvirkni djúpt í iðrum jarðar. Til eru dæmi um breytileika í yfirborðsvirkni jarðhita sem mögulega eru tengd þrýstingsbreytingum í jarðhitakerfum sökum vinnslu en Landsvirkjun hefur ekki borið kennsl á slík áhrif á vinnslusvæðum fyrirtækisins á svæðinu. Landsvirkjun telur því að fyrirhuguð aukning á vatnstöku muni ekki hafa áhrif á yfirborðsvirkni jarðhita á svæðinu.

### **Áhrif á hljóðvist**

Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að á framkvæmdatíma verði hávaði meðan boranir standa yfir sem hafi áhrif á hljóðvist. Hljóðmælingar séu í dag hluti af reglubundinni vöktun á Þeistareykjasvæðinu. Borholur fyrir grunnvatnstöku og niðurrennsli séu grunnar holur, framkvæmd borunar taki tiltölulega skamman tíma og borsvæðið sé fjarri byggð. Áhrif á hljóðvist eru því talin óveruleg.

### **Áhrif á ásjón og landslag**

Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram að að einhverju marki megi búast við breytingum á ásjón borplana með nýjum borholum og lögnum frá borholum að megin flutningslögnum. Gert er ráð fyrir að núverandi dæluhús verði nýtt og ekki verði byggð ný. Svæðið umhverfis Þeistareykjastöð sé að verulegu leyti þegar raskað vegna framkvæmda og mannvirkja sem hafa verið reist og tekin í notkun. Einnig hafi svæðinu í kringum núverandi og fyrirhugaða grunnvatnstöku og á niðurrennsli svæði verið raskað. Framkvæmdin í heild sé því líkleg til að hafa óveruleg áhrif í för með sér á ásjón lands. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á fágætt landslag eða landslag með hátt verndargildi.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar og Norðurþings skv. skipulagslögum.

Framkvæmdin er háð breytingu á núgildandi nýtingarleyfi fyrir grunnvatn á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit og á starfsleyfi fyrir jarðvarmavirkjun að Þeistareykjum, Þeistareykjastöð 90 MW, Þingeyjarsveit.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Unnið er nýju aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, þ.e. sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

## **6 Niðurstaða**

Um er að ræða breytingu á grunnvatnstöku Landsvirkjunar á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætllana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða,



einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar, allt að 200 MWe jarðhitavirkjunar í Þingeyjarsveit og Norðurþingi frá því í nóvember 2010. Þessi ákvörðun um matsskyldu tekur einungis til breytingar á grunnvatnstöku vegna Þeistareykjavirkjunar sem felur í sér aukningu á grunnvatnstöku og aukið vatnsmagn til niðurrennslis vegna fyrirhugaðrar stækkunar virkjunarinnar úr 90 MW í 200 MW og afleiddra áhrifa slíkrar aukningar.

Fyrir liggur að innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru vatnsverndarsvæði þar sem búist er við að meðalhitastigsbreytinga muni gæta vegna niðurrennslis grunnvatns sem nemur 300 l/s; en einnig eru þar grunnvatnshlotin Aðaldalshraun-Trölladyngja og Bakkahlaup og árósarvatnshlotið Lón. Samkvæmt framlögðum gögnum hafa mælingar á hitastigi og öðrum breytum ekki bent til áhrifa af starfsemi Þeistareykjavirkjunar á vatnsverndarsvæðum, s.s. vatnsbólum í Kelduhverfi. Niðurstöður líkanreikninga verkfræðistofunnar Vatnaskila benda ennfremur til að ólíklegt sé að aukið innstreymi jarðsjávar geti átt sér stað í Kelduhverfi vegna eðlisþyngdarmunar vegna mögulegrar hitaaukningar í kjölfar aukinnar vatnsupptöku og haft neikvæð áhrif á fyrrnefnd vatnsból.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal tryggja að ástand yfirborðs- og grunnvatnshlota versni ekki, og telur Skipulagsstofnun ólíklegt, í ljósi framlagðra gagna, að fyrirhugaðar breytingar verði til þess að ástand yfirborðs- og grunnvatnshlota á svæðinu versni. Stofnunin leggur áherslu á áframhaldandi vöktun grunnvatns og tekur undir með Umhverfisstofnun að sú vöktun sem Landsvirkjun fyrirhugar og gerð er grein fyrir í greinargerð sé nægileg ráðstöfun til að tryggja að markmið um góða magnstöðu vatnshlota verði náð til langs tíma litið.

Varðandi áhrif fyrirhugaðrar aukningar á nýtingu grunnvatns á yfirborðsvirkni háhitakerfisins, lagði Skipulagsstofnun til í álit um mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar árið 2010 að við leyfisveitingar þyrfti að setja skilyrði, m.a. í samráði við fagstofnanir, um áætlun um vöktun á breytingum á yfirborðsvirkni. Fyrir liggur að skv. umhverfisvöktun Landsvirkjunar á Þeistareykjum eru engin sýnileg merki um að áhrifa gæti á yfirborðsvirkni vegna vatnsvinnslu fyrirtækisins á svæðinu og í minnisblaði verkfræðistofunnar Vatnaskila er bent á að grunnvatnsborð á svæðinu sé langt fyrir neðan yfirborð og því mjög ólíklegt að hækkun grunnvatnsborðs hafi áhrif á hverasvæði á yfirborði. Þar sem um er að ræða nær þreföldun á vatnsupptöku miðað við núverandi aðstæður telur Skipulagsstofnun að þrátt fyrir að ekki hafi orðið vart við breytingar á yfirborðsvirkni sem rekja má til vatnsvinnslu Landsvirkjunar og þótt að aðstæður séu með þeim hætti sem Vatnaskil benda á kann að vera óvissa um áhrif vatnstöku og niðurrennslis á yfirborðsvirkni og því telur stofnunin mikilvægt að vöktun verði haldið áfram eins og Landsvirkjun fyrirhugar.

Fyrir liggur að þau svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á eru nú þegar að mestu leyti röskuð af mannvirkjagerð fyrri framkvæmda og svæði í næsta nágrenni er mótað af ýmsum mannvirkjum sem fylgja jarðvarmavirkjun og flutningi raforku. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru umfangslitlar í samanburði og koma ekki til með að hafa neikvæð áhrif á ásýnd og landslag Þeistareykjasvæðisins umfram þau umfangsmiklu áhrif ofangreindra mannvirkja sem nú þegar eru til staðar. Þeistareykir eru háhitasvæði sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd en viðbúið er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér staðbundið rask á eldhrauni frá nútíma sem nýtur verndar. Frá því að mat á umhverfisáhrifum fór fram árið 2010 hafa fundist hraunhellar á svæðinu og eru þeir meðal heillegustu hraunhella sem þekkjast. Þeir hellar sem þekktir eru innan svæðisins einkennast af óvenju miklum og fjölbreyttum náttúrumyndunum á borð við dropasteina,



hraunstrá og öðrum viðkvæmum hraunmyndunum. Hellarnir voru friðlýstir árið 2016 og er markmið friðlýsingarinnar að varðveita og vernda til framtíðar einstaka hella, náttúrumyndanir þeirra, hraun sem og gróðurfar og örveruflóru sem fyrirfinnst í og við hellana innan hins friðlýsta svæðis, en ekki er um gróðurtegundir eða vistgerðir að ræða sem munu raskast við framkvæmdina sem njóta verndar eða hafa mjög hátt verndargildi. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun enn brýnna en ella að verktilhögun framkvæmdaraðila verði með þeim hætti að áhrif framkvæmdarinnar verði haldið í lágmarki í grennd við hið friðlýsta svæði og innan jarðmyndana sem njóta verndar. Verði það raunin telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði verði nokkuð neikvæð en staðbundin.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. febrúar 2024.

Reykjavík, 15. janúar 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

